

04. jan. 2018

Bréfalykill: 670

Eftirlit með rafrænum kosningum í „Hverfið mitt 2017“

Innri endurskoðun

02.01.2018

Meginþættir

- Eftirlit með kosningum í „Hverfið mitt 2017“
- Eftirfylgni ábendinga frá „Hverfið mitt 2016“
- Þátttökulýðræði
- Viðbrögð stjórnenda



*Innri endurskoðun hefur
eftirlit með framkvæmd
kosninganna og fylgist
með að skráðum ferlum
sé fylgt til hlítar*



„Hverfið mitt“ er samráðsverkefni íbúa og stjórnýslu um forgangsörðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar. Rafrænar kosningar á árinu 2017 hófust kl. 00:01 hinn 3. nóvember 2017 og stóðu til kl. 02:00 hinn 20. nóvember sama árs.

Í 15. grein reglna um rafrænar kosningar um „Hverfið mitt 2017“ kemur fram að *Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar.*

Í þessu yfirliti eru samandregnar niðurstöður eftirlits Innri endurskoðunar með framkvæmd kosninganna í „Hverfið mitt 2017“ og niðurstöður eftirfylgni með ábendingum Innri endurskoðunar sem settar voru fram eftir kosningarnar 2016.

EFTIRLIT MEÐ KOSNINGUM

Í „HVERFIÐ MITT 2017“

Innri endurskoðun staðfestir að skráðum ferlum hafi verið fylgt í meginráttum og metur greind frávik ekki þess eðlis að þau hafi áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna. Innri endurskoðun staðfestir að birtar niðurstöður hafi verið í samræmi við talningu atkvæða í kosningunum.

Úttektin leiddi ljós tækifæri til að bæta framkvæmd kosninganna. Tvær ábendingar eru gerðar til stjórnenda um atriði sem betur mættu fara; ein er varðar kosningakerfið og ein varðandi kjörsókn.

EFTIRFYLGNÍ ÁBENDINGA FRÁ

„HVERFIÐ MITT 2016“

Innri endurskoðun gaf út fimm ábendingar í minnisblaði, dagsettu 20. janúar 2017, um niðurstöður eftirlits með rafrænum kosningum um „Hverfið mitt 2016“.

Niðurstaðan var sú að skráðum ferlum hafi verið fylgt í meginráttum og greind frávik hafi ekki verið þess eðlis að þau hefðu áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna. Birtar niðurstöður kosninganna voru í samræmi við greidd atkvæði.

Innri endurskoðun yfirfór úrbætur stjórnenda við ábendingum sem gerðar voru vegna kosninganna 2016 og er niðurstaðan sú að þær séu fullnægjandi og ábendingum því lokað.

ÞÁTTÖKULÝÐRÆÐI



Met var slegið í kjörsókn þetta árið en 10,9% borgarbúa frá 16 ára aldri kusu. Það þýðir að af um 102 þúsund íbúum á kjörskrá nýttu 11.113 þeirra rétt sinn til að kjósa.

„Hverfið mitt“ er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsörðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna í hverfum borgarinnar. Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðulýðræði og þáttökulýðræði. Vangaveltur hafa verið um hvers vegna þátttaka í þessum kosningum sé ekki meiri en raun ber vitni. Skýringar þess eru trúlega fjölmargar en jafnvel getur verið að margir borgarbúa hafi ekki vitað af kosningunum.

VIÐBRÖGÐ STJÓRNENDA

Innri endurskoðun hefur farið yfir viðbrögð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara við ábendingum. Það er mat Innri endurskoðunar að viðbrögðin séu við hæfi og verði til þess að ábendingarnar fái fullnægjandi úrbætur.

Hallur Símónarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Hr. Stefán Eiríksson, borgarritari
Ráðhúsi Reykjavíkur

Minnisblað: Eftirlit með rafrænum kosningum í „Hverfið mitt 2017“

„Hverfið mitt“ er samráðsverkefni íbúa og stjórnýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar. Rafrænar kosningar á árinu 2017 hófust kl. 00:01 hinn 3. nóvember 2017 og stóðu til kl. 02:00 hinn 20. nóvember sama árs.

Í 15. grein reglna um rafrænar kosningar um „Hverfið mitt 2017“, hér eftir nefndar Reglurnar, kemur fram að *Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar*. Verkefnið var tvíþætt að þessu sinni, annars vegar að hafa eftirlit með framkvæmd kosninganna og hins vegar eftirfylgni með ábendingum Innri endurskoðunar sem settar voru fram eftir kosningarnar 2016.

Innri endurskoðun staðfestir að skráðum ferlum hafi verið fylgt í meginráttum og metur greind frávik ekki þess eðlis að þau hafi áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna. Innri endurskoðun staðfestir jafnframt að birtar niðurstöður hafi verið í samræmi við talningu atkvæða í kosningunum.

Innri endurskoðun mun fylgja eftir úrbótum vegna neðangreindra ábendinga, í samræmi við alþjóðlegan innri endurskoðunarstaðal, IPPF 2500.

1. Eftirlit með kosningum í „Hverfið mitt 2017“

Kosningar um smáframkvæmdir og viðhaldsverkefni í hverfum eru framkvæmdar um það bil árlega og er kosningakerfið í stöðugri þróun. Kjósendur kjósa um fjölda verkefna í hverfum og gildir síðasta innsenda atkvæði þeirra, en hvert atkvæði getur innihaldið eitt eða fleiri verkefni. Tvær breytingar höfðu talsverð áhrif á talningu atkvæða í ár. Önnur var sú að kjósendur gátu stjórnumerkt eitt verkefni og þar með gefið því verkefni tvöfalt vægi. Hin breytingin laut að notendaviðmóti talningarkerfis en bætt var við myndrænu viðmóti (GUI) sem gerir notandanum kleift að framkvæma talningu með myndum í stað textafyrirmæla og með því varð talning einfaldari.

Framkvæmd kosninga

Unnið var eftir fyrirfram ákveðnum handritum sem stuðla að því að verklag sé samkvæmt bestu framkvæmd og hlutverk aðskilin til að tryggja að enginn einn aðili geti átt við kosningarnar án þess að það komist upp.

Í aðdraganda kosninganna eru ýmsar prófanir og athafnir sem þarf að framkvæma. Hinn 10. október var haldin lykllaathöfn og 17. október fór fram stýrð talningaræfing. Við talningu kom fram að talning án stjórnumerkta verkefna var ekki rétt forrituð og því var óskað eftir leiðréttingu á kóða. Kosningakerfið á talningarvélinni var uppfært í athöfn tækniteymis þann 20. október. Í þeirri talningu kom í ljós að við eitt hverfi vantaði tvö verkefni sem hafði sést yfir í innsetningu og við yfirferð verkefna. Þeim var bætt við og í kjölfarið fór fram önnur talningaræfing til að sannreyna breytinguna og kanna virkni talningar. Æfing á breytingu á aðgangi að eftirlitskerfum (tripwire) fór fram 23. október. Þann 26. október fóru fram þrjár athafnir; aðgangi að eftirlitskerfum var breytt, eftirlitskerfið uppfært og raunumhverfi ræst. Handritum var fylgt í þessum athöfnum án verulegra frávik.

Talning atkvæða fór fram að loknum kosningum, mánudaginn 20. nóvember. Frávik var frá handriti þar sem 32 atkvæði voru á röngu sniði og fengin aðstoð frá Íbúum ses. við að sækja atkvæðin í talningargrunn. Að athöfn lokinni var atkvæðunum 32 bætt við og niðurstaða kosninga varð ljós. Á fundinum fór fram forgreining á því af hverju 32 atkvæði skiluðu sér á röngu formi í kosningargrunn.



Ábending: Greina þarf ástæður þess að atkvæði á röngu sniði bárust í kjörkassa og í kjölfarið fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig ekki.

Viðbrögð SBB: Á fundi tækniteymis og kjörstjórnar þann 20. nóvember 2017, þegar fram fór talning úr kosningunni í Hverfinu mínu 2017, fór fram forgreining á vandamálinu. Verkefnastjóri mun á nýju ári kalla eftir staðfestingu á því hvað orsakaði vandamálið frá Róberti Bjarnarsyni hjá Íbúum ses. Í kjölfarið mun verkefnisstjóri leita eftir ráðgjöf Róberts, auk sérfræðinga UTD í verkefninu Eggerts Ólafssonar og Gríms Kjartanssonar, Garðars Þorsteinssonar sérfræðings, og Sigurðar Mátssonar og Grétars Grétarssonar frá Advania um hvernig leysa megi vandamálið og gera ráðstafanir fyrir næstu kosningu í verkefninu.

Í kosningareglum er ekki skilgreindur frestur til að kæra niðurstöðu kosninganna og því gildir kærufrestur stjórnarsýslulaga. Vélbúnaður og aðrar eignir á því að varðveita í þrjú mánuði ef upp kæmi krafa um endurtalningu. Þremur mánuðum eftir talningu er áætluð hreinsunarathöfn þar sem eignum verður eytt, þ.e. upplýsingar fjarlægðar af vélbúnaði.

Yfirferð niðurstaðna kosninga

Innri endurskoðun fór yfir hvort birtar niðurstöður í skýrslu kjörstjórnar væru í samræmi við niðurstöðu talningar atkvæða sem fram fór mánudaginn 20. nóvember 2016.

Niðurstöður voru birtar í frétt á heimasíðu Reykjavíkurborgar 21. nóvember 2016 og var þar m.a. að finna yfirlit yfir niðurstöður kosninganna. Innri endurskoðun fór yfir birtar niðurstöður kosninga og raunniðurstöður talningar. Engin frávik voru þar á.

Í fundargerð kjörstjórnar 20. nóvember kemur fram að farið var yfir niðurstöður íbúakosninga og að kjörstjórn hafi staðfest niðurstöðurnar. Í Grafarholti og Úlfarsárdal fengu þrjú verkefni jöfn atkvæði og var því framkvæmt hlutkesti¹ og að því loknu staðfestar niðurstöður kosninga þess hverfis.

Þáttökulýðræði

Met var slegið í kjörsókn þetta árið en 10,9% borgarbúa frá 16 ára aldri kusu. Það þýðir að af um 102 þúsund íbúum á kjörskrá nýttu 11.113 þeirra rétt sinn til að kjósa.

Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og stjórnarsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna í hverfum borgarinnar. Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðulýðræði og þáttökulýðræði. Vangaveltur hafa verið um hvers vegna þátttaka í þessum kosningum sé ekki meiri en raun ber vitni. Skýringar þess eru trúlega fjölmargar en jafnvel getur verið að margir borgarbúa hafi ekki vitað af kosningunum.



Ábending: Kanna mætti með íbúakönnun hvers vegna tæplega 90% borgarbúa nýttu ekki rétt sinn til að kjósa í kosningunum Hverfið mitt.

Viðbrögð SBB: Verkefnisstjóri hefur tekið ábendinguna til greina og ekki er útilokað að ráðist verði í slíka könnun á árinu. Rétt er þó að benda á að verkefni sambærileg við Hverfið mitt eru framkvæmd í borgum víða um heim og þátttaka á við þá sem eru í Hverfinu mínu eru sjaldséð og þykir eftirsóknarverð, ef marka má reynslu verkefnastjóra. Þátttaka í sambærilegum verkefnum í Kópavogi og í Mosfellsbæ á árinu var enn betri en í Reykjavík og hafið er samtal milli sveitarfélaganna um stofnun óformlegs samráðsvettvangs starfsfólks verkefnanna svo þekking og reynsla í verkefnum nýtist sem best til framtíðar, ekki síst hvað snýr að kynningarmálum og kosningaþátttöku.

¹ Í 8.6 reglna um rafrænar kosningar kemur fram: Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta mismikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.

2. Eftirfylgni ábendinga vegna „Hverfið mitt 2016“

Innri endurskoðun gaf út fimm ábendingar í minnisblaði, dagsettu 20. janúar 2017, um niðurstöður eftirlits með rafrænum kosningum um „Hverfið mitt 2016“. Niðurstaðan var sú að skráðum ferlum hafi verið fylgt í megindráttum og greind frávik hafi ekki verið þess eðlis að þau hefðu áhrif á öryggi og niðurstöður kosninganna. Birtar niðurstöður kosninganna voru í samræmi við greidd atkvæði.

Innri endurskoðun gerði fimm ábendingar í ofangreindu minnisblaði. Innri endurskoðun barst minnisblað frá skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) dags. 23. október 2017 þar sem fram komu viðbrögð við ábendingum Innri endurskoðunar. Úrbótum vegna ábendinganna var fylgt eftir í þessari framkvæmd og eru niðurstöður eftirfarandi:

| Ábending | Viðbrögð SBB, kjörstjórnar og teymisstjóra tækniteymis | Mat Innri endurskoðunar |
|--|---|--|
| Gæta þarf að frekara öryggi eigna og upplýsinga meðan á athöfn stendur með því að rýmið sé eingöngu aðgengilegt þeim sem hafa hlutverk í athöfnunum. | Gætt var að því að rými athafna væri ekki aðgengilegt utanaðkomandi aðilum meðan á athöfnum stóð með þar til gerðum prikum. | Prikin hindruðu aðgang utan- aðkomandi að rými athafna. Úrbætur eru fullnægjandi og ábendingu því lokað. |
| Bæta þarf verklag til að tryggj sé að í þeim tilvikum sem verkefni fá jöfn atkvæði en ekki er fjármagn fyrir öll verkefni þá fari fram hlutkesti í samræmi við reglur kosninganna strax í kjölfar talningar. | Breyting var gerð á kosningakerfi í samræmi við ákvörðun kjörstjórnar á fundi 23. nóvember 2016. | Í kosningakerfi var bætt við auðkenningu á þau verkefni sem fengu jöfn atkvæði. Innri endurskoðun staðfestir að það virkaði en vegna ófyrirséðra atburða nýtist þessi breyting ekki nema að hluta til, sjá nánari umfjöllun fyrr í skýrslunni. Úrbætur eru fullnægjandi og ábendingu því lokað. |
| Uppfæra ætti skýrslu kjörstjórnar varðandi niðurstöður kosninga sem gefin var út 18. nóvember 2016 með hliðsjón af aðgerðum 23. nóvember og 9. desember 2016. | Skýrsla kjörstjórnar var uppfærð. | Skýrsla kjörstjórnar var uppfærð með umfjöllun um hlutkesti um verkefni í tveimur hverfum. Fundargerðum kjörstjórnar var að auki bætt við skýrsluna. Úrbætur eru fullnægjandi og ábendingu því lokað. |
| Komi aftur upp sú staða að kjörstjórn þurfi að varpa hlutkesti um val verkefna skal kalla til eftirlitsaðila frá Innri endurskoðun til að vera viðstaddur svo staðfesta megi niðurstöðuna. | Í svari SBB við ábendingum IE kom fram: „Ábendingin hefur verið meðtekin af verkefnisstjóra og auk þess send á kjörstjórn. Komi til þess að varpa hlutkesti um val verkefna í Hverfið mitt 2017 verður kallaður til eftirlitsaðili frá Innri endurskoðun“ | Eftirlitsaðili frá Innri endurskoðun var viðstaddur fund kjörstjórnar þar sem hlutkesti um val verkefna fór fram. Úrbætur eru fullnægjandi og ábendingu því lokað. |
| Kjörstjórn er bent á að það að takmarka fjölda verkefna við 20 hafi þann galla að verkefnaval geti verið lítið en mikilvægt er að kjósendur hafi fjölbreytt úrval verkefna til að kjósa um. | Hámarksfjöldi verkefna sem boðið var upp á var aukinn úr 20 í 25 verkefni í hverju hverfi í verkefninu „Hverfið mitt 2017“. | Fjöldi verkefna sem kosið var um var frá 16 til 25. Virðist sem kjósendur hafi haft fjölbreytt úrval verkefna til að kjósa um að þessu sinni. Úrbætur eru fullnægjandi og ábendingu því lokað. |



Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Afrit: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Helga Björk Laxdal, formaður kjörstjórnar rafrænna kosninga „Hverfið mitt 2017“
Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og reksturs
Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
Unnur Margrét Arnardóttir, verkefnastjóri verkefnisins „Hverfið mitt 2017“



Viðauki 1 – Áhættuflokkun ábendinga

Ábendingum Innri endurskoðunar er skipt upp í eftirfarandi fjögur stig eftir alvarleika þeirra:



Rauð ábending er vegna alvarlegra veikleika í innra eftirliti sem geta leitt af sér áhættur á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- Mikið fjárhagslegt tjón.
- Brot á lögum eða ekki fylgni við aðrar kröfur ytri aðila.
- Vöntun eða brot á siðareglum og/eða alvarlegt brot á innri reglum.
- Mikil orðsporsáhætta.
- Mikil sviksemisáhætta.

Viðbrögð þurfa að vera tafarlaus.



Appelsínugul ábending getur verið vegna verulegra veikleika í innra eftirliti sem geta leitt af sér áhættur á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- Nokkurt fjárhagslegt tjón.
- Ekki fylgni við kröfur ytri aðila.
- Vöntun á innri reglum eða veruleg frávik í fylgni við þær.
- Möguleg orðsporsáhætta.
- Möguleg sviksemisáhætta.

Úrbætur eigi sér stað innan sex mánaða.



Gul ábending er vegna veikleika í innra eftirliti sem geta leitt af sér áhættur á einu eða fleiri eftirfarandi sviðum:

- Lítið fjárhagslegt tjón.
- Fylgni við kröfur eða tilmæli ytri aðila ekki fullnægjandi.
- Uppbygging innri reglna eða fylgni við þær ekki fullnægjandi.
- Litlar líkur á orðsporsáhættu.
- Litlar líkur á sviksemisáhættu.

Úrbætur eigi sér stað innan árs.



Græn ábending þýðir að innra eftirlit er viðunandi en að umbótatækifæri geti verið til staðar.

Stjórnandi hefur möguleika á því að bæta innra eftirlit enn frekar.

Jafnframt getur græn ábending þýtt að brugðist hafi verið við ábendingu á vinnslutíma úttektar og að Innri endurskoðun hafi fengið staðfestingu á því að málinu sé lokið.